

virðilegt og mönnum til skammar og háðungar. En það er gengið framhjá hugmyndum þeim, sem ríkja og ráða í sálarlifi mestu framsara þjóða heimsins, eins og vér hefðum ekkert af þeim að læra.

Allir vita, að Englendingar, að Frakkar, að Þjóðverjar (að miklu leyti) eru ekki fylgjendur lúterskrar kenningar, og vér vitum ekki nema einmitt í trúarbrögðum þeirra, lífskoðunum þeirra liggi krafturinn fólginn, er gjörir þá að miklum þjóðum. Það væri ekkert úr vugi, að vér reyndum að komast eftir því. Meðal þeirra eru hinar trúarbragðalegu rannsóknir lengst á veg komnar og til þeirra er sótt það lítið ljós vér höfum í þeim esnum, bæði heima og hér. Til skóla þeirra sækjum vér alla vora uppfraðslu hér í landi og sjálfir skapa þeir það félagslíf, sem umkringir oss á allar hliðar og vér erum að verða meira og minna snortnir af. Fyrir vort leysi skiljum vér ekki, að það sé í nokkru betra að vera óafvitandi dregnir inn í þessa vestrænu menningarstrauma, sem hér eru ríkjandi, og það án þess vor eigin persónuleiki fái að njóta sín á nokkurn hátt, heldur enn kjósa hinn kostinn, að læra fyrst að þekkja, um hvað sé að velja, og fylgjast svo með, sjálfum sér meðvitandi, hvað sé verið að gjöra og hvert sé verið að fara. Það er óvist, ef sá kosturinn væri valinn, að vér þyrftum að verða aftastir í hópnum. Oss finnst það nokkurn veginn víst, ef sú stefna væri tekin, að þá um leið þyrftum vér ekki framar að bera blygðun fyrir samlanda vora, að þeir fyllti þá hópa trúarbragðalegra skraelingjaflokka með ópi og háreysti úti á gatnamótum. Það, sem hin únitariska stefna hefir alla jafna haldið fram, er, að menn skuli fyrst kynna sér málavextina, áður en þeir láta lesta sig saman.

II.

27. Sept. síðastl. lagði herra Guðmundur Árnason af stað héðan úr bænum austur til Meadville, Penn. til þess að byria á guðfræðisnámi við prestaskóla Unitara þar í bæ. Kveldið áður en hann lagði af stað hélt kvenfélag hins fyrsta unitariska safn-áðar honum samsæti að heimili þeirra hjóna Friðriks og Sigríðar Swanson. Ýmsir fluttu ræður við það tækifæri og heilla-óskir voru almennar frá öllum, er viðstaddir voru. Við burt-